Fundargerð
Fundur þróunarsamvinnunefndar 19. september 2025
Kl. 9:00 – 11:00 í utanríkisráðuneytinu og á Teams

Mætt:

Stella Samúelsdóttir, formaður þróunarsamvinnunefndar, Þór Ásgeirsson (GRÓ FTP), Sjöfn Vilhelmsdóttir (GRÓ LRT), Sveinn Óskar Sigurðsson (Miðflokkur), Dagbjört Hákonardóttir (Samfylking), Diljá Mist Einarsdóttir (Sjálfstæðisflokkur), Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir (Flokkur fólksins), Ragnar Schram (SOS Barnahjálp), Kristín Ólafsdóttir (Hjálparstarf kirkjunnar), Sólrún María Ólafsdóttir (Rauði krossinn á Íslandi), Sara McMahon (UN Women), Birna Þórarinsdóttir (UNICEF) og Halldór Halldórsson (Íslenska kalkþörungasambandið).

Kolbrún Pálsdsóttir (Barnaheill) og Guðrún Margrét Guðmundsdóttir (Alþýðusamband Íslands) boðuðu forföll.

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins: Gísli Þór Magnússon, Ósk Sturludóttir, Sóley Mist Hjálmarsdóttir, Guðrún Gunnarsdóttir, Sólrún Halldóra Þrastardóttir.

Hluta fundarins sátu að auki: Ingvar Þóroddsson (Viðreisn).

Nefndarritari: Kolbeinn Arnarson.

1. Fundur settur (9:05)

Fundur var settur kl. 9:05. Fundargerð síðasta fundar frá 30. maí 2025 var samþykkt án athugasemda.

Formaður greindi frá því að á síðasta fundi hafi sumir fundargestir áframsent fundarboðið á gervigreindarforrit sem taka fundinn upp og rita fundargerð. Formaður greindi frá því að eins og er væri ekkert sem bannaði slík forrit en vakti athygli á því að mögulega færu slík forrit á mis við persónuverndarsjónarmið. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að það væri ótækt að til væru upptökur af nefndinni, m.a. í ljósi þess að efni nefndarinnar getur verið trúnaðarmál, og sammæltist um að banna slík forrit framvegis á vettvangi nefndarinnar.

Þá greindi formaður frá því að líkt og hefði verið rætt myndi hún leita eftir að eiga fund á haustmánuðum með utanríkismálanefnd og óskaði eftir einum nefndarmanni til þess að koma með sér á fundinn. Nefndin sammæltist um að senda Svein Óskar, fulltrúa Miðflokks, á fundinn.

2. Fjárlagafrumvarp 2026 (9:10)

Gísli Þór Magnússon, skrifstofustjóri fjármálaskrifstofu, kynnti fjárlagafrumvarp 2026 og hvernig það snertir þróunarsamvinnu. Í fjárlagafrumvarpi 2026, sem er í þinglegri meðferð þegar þetta er ritað, hækka framlög til utanríkismála um 5,3 ma.kr. eða um 15,5% á milli ára. Hækkunin stafar af útgjaldaaukningu til öryggis- og varnarmála og alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu hækka milli ára þar sem þau eru fast hlutfall af vergum þjóðartekjum.

Þá kynnti Gísli málaefnasvið 04, utanríkismál, málaflokka þess og helstu breytingar á þeim á milli ára. Þar má helst nefna fyrirhugaðar breytingar á fjármögnun Íslandsstofu, hingað til hefur hún fengið 0,05% af tryggingagjaldi, sem verður afnumið og framvegis geta stjórnvöld ákveðið fjárheimildir hennar á hverju ári. Útgjaldavöxtur utanríkisráðuneytisins stafar mest vegna aukninga í fjárheimildum í málaflokki 4.30, samstarfi um öryggis- og varnarmál, en framlög til þess flokks hækka um 3 ma.kr. milli ára.

Þá kynnti Gísli openaid.is fyrir nefndarmönnum en þar er hægt að nálgast allar helstu upplýsingar um fjárveitingar í alþjóðlegri þróunarsamvinnu frá árinu 2010. Auk þess kynnti hann þróun málefnasviða yfir tímabilið 2020-2026 og greindi frá breytingum á fjárheimildum málefnasviða.

3. Umræður (9:25).

Rætt var um forgangsröðun framlaga Íslands og hvernig nýting þeirra annars vegar sem kjarnaframlög og hins vegar eyrnamerkt verkefnum alþjóðastofnana. Nokkrir nefndarmenn lögðu áherslu á mikilvægi kjarnaframlaga þar sem þau væru grundvöllur starfsemi stofnana Sameinuðu þjóðanna, sem tryggja m.a. aðgang að bólusetningum, menntun og hreinu vatni. Þá kom fram að þó að eyrnamerkt framlög væru mikilvæg, væru kjarnaframlög þau sem tryggja mesta skilvirkni fjármagns.

Rætt var um sérhæfingu Íslands og hvar framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu nýtast best. Bent var á að Ísland ætti að leggja áherslu á fátækustu ríkin þar sem fáir aðrir samstarfsaðilar væru fyrir hendi enda gæti Ísland þannig náð meiri árangri.

Umræður sköpuðust um orðræðu á vettvangi alþjóðastofnana þar sem aukin andstaða væri gegn hugtökum á borð við kynjajafnrétti, fjölbreytileika, jafnræði, inngildingu og kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindi. Fundargestir lýstu áhyggjum af því að þrengra orðalag gæti takmarkað möguleika á að verja réttindi minnihlutahópa, þar á meðal trans fólks. Í þessu samhengi var nefnt að GRÓ skólarnir væru vettvangur þar sem Ísland hefði fulla stjórn á orðræðu og gæti þannig tryggt að jafnréttissjónarmið væru áfram í forgrunni.

Að lokum var rætt um áskoranir við framkvæmd þróunarsamvinnu á erfiðum svæðum. Bent var á að aðstæður gætu verið það ótryggar að erfitt sé að fylgja verkefnum eftir en að Ísland gæti í slíkum tilfellum leitað eftir samstarfi við stærri aðila til að tryggja framgang verkefna.

4. Úttektir og endurskoðun (9:50)

Sólrún Halldóra Þrastardóttir, forstöðumaður innri málefna hjá utanríkisráðuneytinu, kynnti sig en hún tók við starfinu fyrr á árinu. Deild innra eftirlits heyrir beint undir ráðuneytisstjóra og vinnur þannig sem óháð eining innan ráðuneytisins. Þá kynnti hún skilgreiningu innra eftirlits skv. lögum um opinber fjármál (nr. 123/2015).

Hún sagði frá helstu verkefnum deildarinnar, en þar má nefna reglulegar úttektir á árangri af verkefnum alþjóðlegrar þróunarsamvinnu, úttektir á völdum þáttum í rekstri og starfsemi utanríkisþjónustunnar, fagleg og virðisaukandi ráðgjöf, móttaka og meðferð tilkynningarmála og þátttaka í alþjóðlegu samstarfi sem tengist úttektum og tilkynningarmálum.

Hún kynnti helstu verkefni með hliðsjón af úttektarstefnu ráðuneytisins 2024–2028 sem byggist á alþjóðlegu verklagi og kröfum þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC). Fjallað var um

meginspurningar í úttektum, þ.e. hvort fjármunum, tækjum og mannauði sé varið á skilvirkan hátt, hver séu langtímaáhrif verkefna og hvort verkefni séu sjálfbær. Rætt var um viðmót gagnvart úttektum í þróunarsamvinnu sem var talið almennt jákvætt enda vilja flestir fá uppbyggilega endurgjöf og nýta fjármuni sem best. Hún kynnti úttektaráætlun 2025 í alþjóðlegri þróunarsamvinnu en í henni er helst litið til verkefna félagasamtaka.

Þá fór Sólrún yfir þær úttektir sem þegar hafa farið fram á árinu og sagði dagskrá næsta árs vera í mótun, þó sé stefnt að að taka út verkefni í tvíhliða samstarfshéruðum Íslands, ásamt verkefnum á vegum Heimsmarkmiðasjóðs atvinnulífsins. Hafi verið rætt að kanna möguleika á sameiginlegum úttektum með Norðurlöndunum, m.a. varðandi stuðning við Úkraínu og til þess að ráðast í athuganir á verkefnum í löndum þar sem Ísland er ekki með staðbundið starfsfólk.

Að lokum kynnti hún vefinn openaid.is og lagði áherslu á mikilvægi gegnsæis í ráðstöfun á opinberum fjármunum. Þá vakti hún athygli á tilkynningagátt sem tekur við ábendingum um misnotkun á þróunarsamvinnufé auk ábendinga um EKKO-mál (einelti, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og ofbeldi) í þróunarsamvinnu. Þá benti hún á að einnig sé hægt að tilkynna slík mál til ríkisendurskoðunar.

5. Umræður (10:05)

Í umræðum var m.a. velt upp spurningum um hvernig upplýsingar um sjálfbærni verkefna séu teknar saman, þ.e. hvort fylgst sé með áhrifum verkefna eftir að stuðningi lýkur. Ekki sé um að ræða reglubundið eftirlit með verkefnum að loknum stuðningi, nema tilefni sé til, en verkefnin heimsótt ef annað starf leiðir starfsmenn á svæði verkefnanna.Hvatti nefndarmaður til þess að markvisst verði hugað að langtímaáhrifum verkefna.

Spurt var um umfang og nýtingu tilkynningargáttarinnar og hvernig hægt sé að nálgast upplýsingar um tilkynningar sem berast vegna EKKO-mála. Hingað til hafa fáar tilkynningar borist, sökum þess hve ný tilkynningagáttin er, og þá einkum tilkynningar er varða fjármuni.

Fram kom að ráðuneytið vinni stöðugt að því að skerpa á verkferlum, einkum í fjármálum, og að verið væri að skoða hvort ráðast ætti í áhættumat í þeim ríkjum þar sem Ísland rekur sendiráð og verkferlar aðlagaðir í samræmi við áhættustig.

Spurt var um eftirfylgni á tilmælum úr jafningjarýni Þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) og hver staðan væri á fyrirhugaðri úttekt á sameiningu ÞSSÍ og ráðuneytisins. Varðandi tilmæli jafningarýninnar þá hafi flest þeirra verið innleidd og að verið sé að innleiða önnur. Þá verði miðannarúttekt Þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) mikilvægt stöðumat á því hvernig gangi að fylgja eftir stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands.

Að lokum var óskað eftir kynningu á úttektum í þróunarsamvinnu fyrir utanríkismálanefnd.

6. Ásdís Bjarnadóttir, forstöðumaður sendiráð Íslands í Freetown (14:30)

Formaður nefndarinnar lagði til að innlegg um tvíhliða þróunarsamvinnu og frá forstöðumanni sendiráðs Íslands í Lilongwe yrðu frestað sökum tímaskorts sem var samþykkt.

Ásdís Bjarnadóttir, forstöðumaður sendiráðs Íslands í Freetown, kynnti starfsemi sendiráðsins og stöðu mála í Síerra Leóne, nýjasta samstarfslandi Íslands.

Fram kom að þróunarsamvinna í Síerra Leóne hefði hafist á sviði fiskimála í samstarfi við Alþjóðabankann, t.d. með endurbættum reykofnum í sjávarbyggðum, en áherslan hefði fljótlega

beinst að vatns- og hreinlætismálum enda aðgangur að hreinu vatni lykilforsenda hreinlætis og þess að efla virðiskeðju fiskveiða í landinu. Einnig hefði Ísland hafið stuðning við verkefni um að útrýma fæðingarfistli í samstarfi við Mannfjöldasjóð SÞ (UNFPA). Áfram sé áhersla á strandbyggðir með það að markmiði að bæta lífskjör í fiskimannasamfélögum og hafa íslensk stjórnvöld unnið að vatns- og hreinlætismálum í Síerra Leóne frá árinu 2018. Þá sé velferð kvenna og barna leiðarljós í samstarfinu í samræmi við stefnu og áherslur íslenskra stjórnvalda. Jafnréttisvíddin sé jafnframt mikilvæg í ljósi þess að samfélagslegar og efnahagslegar aðstæður í landinu setja konur í sérstaklega viðkvæmar aðstæður þar sem þær sinni mest megnis verkun fisks og þá eru börn oft án umönnunar á vinnustöðum. Íslensk stjórnvöld leggi einnig áherslu á kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindi í samstarfi við UNFPA.

Fram kom að blóðugt borgarastríð, sem lauk fyrir um 20 árum, hafi haft mikil og alvarleg áhrif á innviði, sem séu vægast sagt ábótavant. Mikil fátækt og fæðuskortur, afleiðingar loftslagsbreytinga og alvarleg orkufátækt geri að verkum að skilin milli þróunaraðstoðar og mannúðaraðstoðar séu oft óskýr. Landið reiðir sig á eina vatnsaflsvirkjun sem hafi takmarkað dreifikerfi, og að rafmagn fyrir höfuðborgina sé knúið af díselvélum úr tyrknesku skipi sem liggur við höfn í Freetown. Árið 2024 hafi t.d. verið rafmagnslaust í heilan mánuð þegar stjórnvöld gátu ekki staðið í skilum við eigendur tyrkneska skipsins.

Fram kom að árið 2023 fóru fram þing- og forsetakosningar sem lauk með því að sitjandi forseta og ríkisstjórn var lýst sem sigurvegara kosninganna. Kom til óeirða í borginni þegar úrslitin voru kunngerð og segja greinendur að um tilraun til valdaráns hafi verið að ræða. Óháðir aðilar sem sinntu kosningaeftirliti gerðu alvarlegar athugasemdir við framgang kosninga og úrslit þeirra, t.d. hvað varðar gegnsæi. Þá séu dæmi um að fólk neiti að vinna saman vegna stjórnmálaskoðana og tenginga við stjórnmál. Síerra Leóne tók sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna árið 2024 og hefur þar lagt áherslu á að vernda alþjóðakerfið og verið bandamaður Vesturlanda í mörgum málum

Ásdís kynnti helstu verkefni Íslands í Síerra Leóne sem m.a. snúa að uppbyggingu grunniðviða, heimaræktaðar skólamáltíðir, að útrýmafæðingarfistli, bættu lýðræði og stjórnarfari, tæknilegri aðstoð í sjávarútvegi, upprætingu á kynfæralimlestingum, innleiðingu jafnréttislöggjafar, að bæta aðgang að orku með sólarpanelum og að styrkja viðnámsþrótt sjávarbyggða gagnvart fæðuóöryggi og áhrifum loftlagsbreytinga. Þessi verkefni eru unnin í samstarfi við stofnanir Sameinuðu þjóðanna og/eða önnur framlagsríki. Stefnt er á samstarf á héraðsstigi, en sendiráðið á von á niðurstöðum úttektar á mögulegum samstarfsflötum við héraðsstjórnir á næstu vikum. Næstu skref í héraðsnálgun munu byggja á þeim niðurstöðum, en ljóst að það muni taka tíma að byggja upp slíkt samstarf.

Þá fjallaði Ásdís um breytt landslag í þróunarsamvinnu í ljósi brotthvarfs Þróunarsamvinnustofnunar Bandaríkjanna (USAID), boðuðum niðurskurði breskra stjórnvalda á framlögum til þróunarsamvinnu, sem og breyttum áherslum Evrópusambandsins og Þýskalands svo dæmi séu tekin. Stjórnvöld í Síerra Leóne halda fast í þróunaráætlanir sínar þrátt fyrir að fjármögnun þeirra sé háð stuðningi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Alþjóðabankans og ESB og því erfitt að meta raunveruleg áhrif á getu stjórnvalda til að veita þjónustu í kjölfar niðurskurðar og eins að meta hvað þau vilja setja í forgang. Þetta gerir stöðu hins opinbera ótrygga, m.a. varðandi greiðslu á launum til ríkisstarfsmanna. Þessar breytingar kalla á aukna þátttöku einkageirans við uppbyggingu innviða. Kom fram að þar keppa stjórnvöld í Síerra Leóne líkt og öðrum lágtekjuríkjum við samstarf við tekjuhærri ríki í Afríku s.s. Gana og Kenía

þar sem innviðir og kerfi eru traustari. Ásdís lagði áherslu á að í þessu samhengi vægju áherslur Íslands þungt, ekki síst hvað varðar stuðning við félagslega innviði, mannréttindi og jafnréttismál. Hún benti loks á að til að skila sem bestum árangri þurfi íslensk stjórnvöld í auknum mæli að vinna með þarlendum félagasamtökum, samhliða samstarfi við stofnanir Sameinuðu þjóðanna.

Kynning kláraðist rétt fyrir 11:00 og gafst því ekki tími fyrir umræður að kynningu lokinni.

Fundi slitið kl. 11:00.